

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Háls í Kjósarhreppi.

Í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 16. apríl 2015 deiliskipulag í landi Háls. Skipulagssvæðið er merkt sem frístundasvæði (F20b) á aðal-
skipulagi Kjósarhrepps 2005-2017 og er aðkoma frá Hvalfjarðarvegi nr. 47. Skipulagssvæðið sem er
svokallað Ennishverfi er 42,5 ha og er gert ráð fyrir 21 frístundalóð á skipulagssvæðinu, þar af eru
ellefu lóðir byggðar. Einnig eru á skipulagssvæðinu tvö íbúðarhús og útihús sem tengjast land-
búnaði.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 13. maí 2015.

Jón Eiríkur Guðmundsson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 29. maí 2015